



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn Flokks fólksins um börn sem ekki er vitað hvar stunda nám

Á fundi borgarráðs sem fram fór 9. september 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrirspurn frá Flokki fólksins um hvort skóla- og frístundaráð er að kanna með virkum hætti stöðu og líðan um 80 barna á skólaskyldualdri sem eiga lögheimili í Reykjavík en sem eru ekki að stunda nám. Nýlega birtist í fréttum að ekki er vitað hvort eða hvar að minnsta kosti 279 börn á skólaskyldualdri stunda nám sem eru skráð til heimilis á Íslandi samkvæmt Þjóðskrá. Í Reykjavík voru þau við fyrstu athugun 179 en eftir nánari eftirgrennslan reyndust þau 80. Minnt er á að það er m.a. á ábyrgð sveitarfélaga að tryggja að öll börn á skólaskyldualdri sækji grunnskóla og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana ef í ljós kemur að svo er ekki. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um eftirfarandi: Er skóla- og frístundasvið að gera eitthvað til að finna þessi 80 börn sem eiga lögheimili í Reykjavík og kanna með líðan þeirra og af hverju þau eru ekki að stunda nám þótt þau séu á skólaskyldualdri og skráð í Reykjavík samkvæmt þjóðskrá? Ef svo er, hvað hefur verið gert? Hefur Reykjavíkurborg/skóla- og frístundasvið ráðlagt að koma á miðlægu skráningarkerfi svo að unnt sé að fylgjast með því hvort og hvar börn á skólaskyldualdri eru skráð í grunnskóla?

Svar:

Vísað er til meðfylgjandi minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundaráðs, dags. 16. mars 2022, til skóla- og frístundaráðs en í því er gerð grein fyrir því hvernig eftirliti sviðsins er háttað varðandi skólavist barna á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík skólaárið 2021-2022. Þar kemur fram að fjöldi barna með lögheimili í Reykjavík og ótilgreinda skólavist var 40 börn á síðasta skólaári. Ef ekki liggja fyrir upplýsingar um skólavist barns í skráningarkerfum sem skóla- og frístundasvið hefur aðgang að, er leitað upplýsinga hjá leik- og grunnskólum, send bréf á lögheimili fjölskyldnanna og haft samband við foreldra í gegnum síma ef símanúmer liggja fyrir. Einnig er aflað upplýsinga frá Þjóðskrá. Beri leit ekki árangur eru mál tilkynnt Barnavernd Reykjavíkur.

MINNISBLAÐ**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs***Skólavist barna á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík skólaárið 2021-2022***

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 ber sveitarfélögum að sjá til þess að skólaskyld börn, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar. Skólaskyldan er að jafnaði tíu ár en getur verið skemmri. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6-15 ára, er skylt að sækja grunnskóla.

Í mars 2022 voru samkvæmt Þjóðskrá Íslands 15.534 börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík. Þar af stunda 13.812 nemendur nám í almennum grunnskólum Reykjavíkurborgar, 104 í sérskólunum tveimur Klettaskóla og Brúarskóla og í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík stunda 759 reykvískir nemendur nám. Samtals eru þetta 14.675 nemendur af fyrrnefndum 15.534.

Nám í almennum skólum í öðrum sveitarfélögum á Íslandi stunda 315 reykvísk börn og í sjálfstætt reknum grunnskólum utan Reykjavíkur stunda samtals 119 reykvísk börn nám, þar af 12 í sjálfstætt reknum sérskóla. Þá eru 11 börn sem annað hvort ættu að öllu jöfnu að vera 10. bekkingar í dag en eru þegar útskrifuð eftir 9 ára nám eða ættu að vera byrjuð í grunnskóla en eru í leikskóla.

Samtals 374 börn með lögheimili í Reykjavík eru staðsett erlendis og því ekki skráð í grunnskóla á Íslandi. Þetta eru börn sem dvelja erlendis með foreldrum sínum, m.a. börn starfsmanna í sendiráðum. Eftir standa 40 börn sem ekki er vitað hvar eru með skólavist, hér eftir ótilgreinda skólavist, sjá nánari upplýsingar aftar í minnisblaðinu. Þegar sambærilegt minnisblað var tekið saman fyrir skóla- og frístundaráð í lok janúar 2021 voru 72 börn með ótilgreinda skólavist. Ráðinu var kynnt staðan á ný í júní 2021 í lok skólaárs og þá voru 22 börn með ótilgreinda skólavist.

Hér að neðan er yfirlit yfir skólavist barna með lögheimili í Reykjavík skólaárið 2021 – 2022.

Skólavist	Fjöldi nemenda	Hlutfall
Almennir skólar Reykjavíkurborgar	13.812	88,9%
Sérskólar Reykjavíkurborgar	104	0,7%
Sjálfstætt starfandi skólar	759	4,9%
Samtals í skólum í Reykjavík	14675	94,5%
Almennir skólar utan Reykjavíkur	315	2,0%
Sjálfstætt starfandi skólar utan Reykjavíkur	107	0,7%
Sjálfstætt starfandi sérskóli utan Reykjavíkur	12	0,1%
Útskrifaðir eftir 9 ára nám eða í leikskóla	11	0,1%
Nemendur erlendis/sendiráð	374	2,4%
Ótilgreind skólavist	40	0,3%
Samtals með lögheimili í Reykjavík	15534	100%



Í meðfylgjandi fylgiskjali er skipting nemenda eftir árgöngum niður á skóla í Reykjavík þann 1. október 2021. Þá stunduðu samtals 15.440 nemendur nám í grunnskólum í Reykjavík. Hér er um að ræða alla nemendur í skólum Reykjavíkur, annarsvegar fyrrnefnda 14.675 nemendur sem eiga lögheimili í Reykjavík og hinsvegar þann 765¹ nemendur sem ekki á lögheimili í Reykjavík heldur er búsettur í öðrum sveitarfélögum eða er kennitölulaus

Í töflunni hér að neðan sést fjöldi barna með lögheimili í Reykjavík skólaárin 2017/18-2021/22.

Skólaár	Fjöldi barna með lögheimili í Rvk	Fjöldi nemenda í grunnskólum í Rvk
2017/18	14833	14947
2018/19	15175	15097
2019/20	15385	15253
2020/21	15567	15483
2021/22	15534	15440

Ef ekki liggja fyrir upplýsingar um skólavist barns í skráningarkerfum sem skóla- og frístundasvið hefur aðgang að, er leitað upplýsinga hjá leik- og grunnskólum, send bréf á lögheimili fjölskyldnanna og haft samband við foreldra í gegnum síma ef símanúmer liggja fyrir. Einnig er aflað upplýsinga frá Þjóðskrá. Beri leit ekki árangur eru mál tilkynnt Barnavernd Reykjavíkur.

Snemma árs 2020 lagði skóla- og frístundaráð til við mennta- og menningarmálaráðuneyti að komið yrði á fót samræmdu verklagi til að tryggja að engin börn fari á mis við skólagöngu á Íslandi. Um mitt ár 2020 setti mennta- og menningarmálaráðherra af stað starfshóp um skráningarkerfi grunnskólabarna. Hlutverk starfshópsins var að skilgreina þarfir og óskir sem miðlægt skráningarkerfi um grunnskólanemendur þarf að uppfylla og átti Reykjavíkurborg fulltrúa í starfshópnum.

Í svari ráðuneytis, dags. 15. mars 2022 vegna fyrirspurnar skóla- og frístundasviðs um stöðu verkefnisins segir: „Starfshópurinn skilaði greinargerð til ráðherra í september 2021 þar sem skilgreindar voru annars vegar grunnupplýsingar sem skráningarkerfið þarf að innihalda með tilliti til þarfa og óska hagsmunaaðila og hins vegar viðbótarupplýsingar sem gagnlegt væri að skráningarkerfið næði til. Einnig var skoðuð tæknileg högun fyrir skráningarkerfi og var niðurstaðan sú að greina þyrfti á milli tveggja valkosta, annars vegar gagnagrunnskerfi sem hýsir gögn og hins vegar námsumsjónarkerfi sem útfærir notendaviðmót fyrir skráningu og birtingu upplýsinga úr gagnagrunni. Var það mat starfshópsins að báðir hlutar kerfisins þyrftu að vera til staðar en lagt til að þeir yrðu skýrt aðgreindir. Að lokum lagði starfshópurinn áherslu á mikilvægi þess að sett verði á fót miðlægt skráningarkerfi grunnskólabarna hér landi svo til verði heildstæðar, rafrænar upplýsingar í rauntíma um skólavist grunnskólabarna sem nýtast ríki og sveitarfélögum til að framfylgja lögum um grunnskóla, viðeigandi reglugerðum og öðrum lögum um velferð og farsæld barna á skólaskylduáldri. Í kjölfarið var hafist handa í ráðuneytinu við að leggja mat á forgreiningu og tillögur starfshópsins og er nú unnið að því að ljúka nákvæmri hönnun og uppbygging á gagnahögun og fyrirkomulagi skráninga í skráningarkerfinu í samræmi við þarfagreiningu starfshópsins og leggja fram tíma- og verkáætlun fyrir verkið. Á grunni þessa væri svo hægt að fara að leita tilboða og hugmynda að útfærslu verkefnisins í samstarfi við Ísland.is (Stafrænt Ísland).“

¹ Talan 765 fæst með því að draga samtölu barna á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík og sem stunda nám í grunnskólum í borginni frá samtölu allra nemenda sem eru í grunnskólum í Reykjavík. Eins og minnisblaðið gefur til kynna eru tölur yfir grunnskólabörn með lögheimili í Reykjavík frá því í mars 2022 en tölur yfir nemendafjölda í grunnskólum í Reykjavík frá 1. október 2021. Það kann því að vera að heildarnemendafjöldinn í Reykjavík hafi breyst lítillega á þeim 5 mánuðum sem þarna skeikar og mismunurinn á samtölunum tveimur sé í mars 2022 ekki nákvæmlega 765.